

## Að meta og skilja efni af netinu

**Markhópur:** 10-15 ára

**Tímalengd:** 45 – 60 min

**Markmið:** að hvetja nemendur til að vera varkárir þegar þeir nota vefinn og hugsa um áreiðanleika, réttmæti og hlutdrægni.

**Hæfni:**

**Nemendur munu:**

- Nota ýmsar leiðir til að meta réttmæti upplýsinga af vefnum.
- Skilja að wiki hefur marga höfunda og að efni þar hefur ekki alltaf verið sannreynt.
- Læra að efni af vefnum þarf oft að athuga og sannreyna með öðrum leiðum.
- Geta notað tól sem gefa viðbótarupplýsingar um vefsvæði (eins og að skrifa [www.\\*\\*\\*\\*\\*](http://www.*****) - URL vefsvæðis – í leitarvél sýnir hvaða vefsvæði hafa tengla á viðkomandi vef.
- Geta þekkt hvað URL segir um höfund eða áreiðanleika vefsins. Sjá betur hér neðar.

**Æskileg útkoma:**

- Nemendur munu geta notað netið sem öflugt rannsóknar- og stuðningstæki í námi.
- Nemendur munu skilja að það er ekki alltaf hægt að treysta því sem maður finnur á netinu og læra að skoða réttmæti upplýsinga.
- Nemendur munu skilja hvað réttmæti upplýsinga og höfundaréttindi þýða.

**Tæknilegur orðaforði:** Veffang (URL), stikluleggur (hyperlink),

**Undirbúningur:** Þessi kennslueining krefst þess að nemendur hafi aðganga að netinu. Nemendur munu heimsækja vefsvæði sem geyma hlutdrægar, falskar og misleiðandi upplýsingar eða eru skop eða gabbvefir. Skop/gabbvefir geta verið gagnlegir fyrir yngri börnin. Nokkur dæmi eru gefin hér neðar.

1. Allt um landkönnuði – [www.allaboutexplorers.com](http://www.allaboutexplorers.com)
2. Hundaeyjan og fleiri vefir – [www.thedogisland.com](http://www.thedogisland.com)

**Verkþættir:**

**1. Allt um landkönnuði** – segið bekknum að nú eigi hann að nota netið til að kynna sér fræga landkönnuði. Nemendur **verða** að nota vefinn [www.allaboutexplorers.com](http://www.allaboutexplorers.com) auk eins til viðbótar sem þau finna sjálf. Biðjið nemendur um að útbúa tvær málsgreinar um landkönnuð að eigin vali. Þetta er góður tími til að leggja áherslu á að ekki megi afrita textann beint og ræða samhliða höfundarétt.

Vefurinn *Allt um landkönnuði* er gabbvefur sérstaklega settur upp til þess að kenna börnum um hættur þess að treysta öllum upplýsingum sem þau finna á netinu. Vefurinn geymir upplýsingar um landkönnuði og afrek þeirra þar sem ýmsum staðreyndum hefur verið breytt. Þetta ætti nemendum að verða ljóst þegar upplýsingarnar eru skoðaðar vel, en mörg þeirra afrita oft texta án þess að lesa hann gaumgæfulega áður.

Þegar nemendur hafa útbúið tvær málsgreinar mun strax koma í ljós hvort einungis var stuðst við efni af *Allt um landkönnuði*.

**2. Hundaeyjan og fleiri vefir** - má nota til þess að fá nemendur til að hugsa um réttmæti og hlutdrægni – í verkefninu styðst bekkurinn við marga vefi, suma gabb og aðra raunverulega. Nemendur þurfa að nota hæfni sína til þess að meta hverja er öruggt að nota. Útvegið nemendum töflu til þess að færa inn niðurstöður og biðjið þá að vera reiðubúna til að útskýra hvaða vefir eru raunverulegi og hverjir ekki. Nemendur þurfa að treysta á eigin hæfni til að meta það.

- **Pacific Northwest Tree Octopus:**  
<http://zapatopi.net/treeoctopus.html>
- Hér má finna gagnlegt vinnublað með verkefninu um trjákolkrabbann:  
<http://www.kent.k12.wa.us/staff/MorganCox/octopus.htm>
- **Dog Island Free Forever:**  
[www.thedogisland.com](http://www.thedogisland.com)
- **World's Largest Liger:**  
<http://www.myinterestingfiles.com/2007/04/world-largest-liger.html>
- **Do Dolphins Sleep With One Eye Open?**  
[http://www.ehow.com/about\\_4587005\\_do-dolphins-sleep.html](http://www.ehow.com/about_4587005_do-dolphins-sleep.html)
- **Disappearing Car Doors**  
<http://www.disappearing-car-door.com/>

*Nokkrar vísbendingar um hvað veffang/URL merkir:*

Hver vefsíða hefur sitt eigið veffang/URL (uniform resource locator) sem vísar til þess hvar síðuna má finna á vefnum. Mismunandi hlutar veffangs gefa gagnlegar vísbendingar um vefinn og hver gæti borið ábyrgð á honum..

Veffang/URL getur verið byggt á 5 meginhlutum:<http://www.saferinternet.org/safetyissues>

1. Protocol (venjulega HTTP)
2. Þjónustan – www í þessu dæmi – þetta er þjónusta sem ætluð er til notkunar á netinu – gæti t.d einnig verið póstur
3. Domain (sem vísar í hvar vefurinn er staðsettur) í þessu tilviki Safer Internet, segir til um hvaða fyrirtæki eða samtök gætu borið ábyrgð á þeim upplýsingum sem þarna er að finna eða bjóða vettvang til þess að vista efni. Fjöldi mismunandi enda má finna fyrir vefköng.
  - a. .com viðskipti eða almennt
  - b. .ac or .edu menntun eða skólar
  - c. .org samtök
  - d. .gov stjórnsýsla
4. Veffang sem endar á 2 stöfum merkir yfirleitt í hvaða landi vefurinn er hýstur
  - a. .fr Frakkland
  - b. .de Þýskaland
  - c. .uk Bretland

5. Tilfang kemur á eftir domain og vísar á undirsíður. Ef það endar á htm eða html segir það tölvunni hvernig eigi að þýða upplýsingarnar – html er ákveðið tungumál (hypertext mark up language). Með því að skrifa ákveðið tilfang ferð þú á ákveðna undirsíðu (safetyissues í þessu dæmi). Ef bylgja ~ er notuð í veffangi er það merki um að síðan er hluti af persónulegu netsvæði
- Fyrir eldri nemendur, heimsækið [www.searchenginewatch.com](http://www.searchenginewatch.com) þar sem hægt er að finna upplýsingar um hvernig leitarvélur flokka niðurstöður þeirra.
  - [www.register.com](http://www.register.com) leyfir notendum að finna út hver er skráður fyrir veffanginu
  - link: [www.saferinternet.org](http://www.saferinternet.org) – sýni hvaða vefsvæði hafa tengla á saferinternet.org

**3. Martin Luther King** –vel þekktur vefur sem í fyrstu lítur út fyrir að geyma upplýsingar um Martin Luther King. Við nánari skoðun kemur í ljós að síðunni er haldið út af öfgasamtökum og inniheldur upplýsingar sem eru bæði misleiðandi og hlutdrægar. Síðuna má finna hér <http://www.martinlutherking.org/> en hún finnst einnig með því að leita að Martin Luther King í leitarvélum.

Á vefnum er talað um “réttu söguskoðun” á MLK. Vefinn er hægt að nýta í gagnrýna umræðu við nemendur um hvernig beri að nota vefinn í verkefna- og rannsóknarvinnu.

- Athuga hver er höfundur efnis
- Leitaður að vefnum með því að nota link: á undan leitarorðum– það mun gefa lista yfir þá sem vísa á viðkomandi vef. Þegar það er notað með [www.martinlutherking.org](http://www.martinlutherking.org) birtast vísbendingar um að ekki sé allt eins og það gæti lítið út í fyrstu.
- Settu allt veffangið í leitarvél og athugaðu hvaða niðurstöður það gefur.